

Siðaskipti í sögu og samtíð
Þverfaglegt rannsóknarverkefni um áhrif siðaskiptanna
á kirkju, samfélag og menningu í 500 ár
— 2017.is —
Skýrsla veturinn 2011-2012

Bakgrunnur

Árið 2017 verður þess minnst með ýmsum hætti að 500 ár verða liðin frá upphafi lúthersku siðaskiptanna en þau hafa sett mark sitt ekki aðeins á trúar- og kirkjulíf í Evrópu og víðar um heim heldur jafnframt menningu, samfélag og stjórnmal.

Í tilefni af þessum tímamótum samþykkti stjórn Guðfræðistofnunar HÍ að hvetja til fjölpættra rannsókna á siðaskiptunum og afleiðingum þeirra til lengri eða skemmri tíma á sem flestum sviðum. Var þar með átt við rannsóknir á vettvangi sem flestra sviða hug- og félagsvísinda, sem og þverfræðilegar rannsóknir af ýmsum toga. Samþykkti stjórnin að leitast við að koma á víðtæku samstarfi þeirra sem áhuga hefðu á slíkum rannsóknum, gangast fyrir málþingum, málstofum og semínörum, sem og stuðla að útgáfu efnis, m.a. í Ritröð Guðfræðistofnunar.

Hugmynda- og skipulagsfundur

Í framhaldinu boðaði stofnunin til [hugmynda- og skipulagsfundar þverfræðilegs rannsóknarverkefnis um áhrif siðaskiptanna á íslenska kristni, samfélag og menningu sbr. kynningu hér að neðan](#). Var fundurinn haldinn þriðjudaginn 25. okt. 2011. Á fundinn komu 28 einstaklingar af breiðu sviði hug-, mennta- og félagsvísinda og frá þjóðkirkjunni. Auk þess höfðu nokkur tilkynnt forföll. Á fundinum bauðst stjórn Guðfræðistofnunar til að hýsa verkefnið og veita því þá umsjón og þjónustu sem í hennar valdi stæði að veita í samvinnu við Hugvísindastofnun og Hugvísindasvið eftir því sem við getur átt.

Tilkynnt var að Arnfríður Guðmundsdóttir og Hjalti Hugason yrðu tengiliðir verkefnisins og Guðfræðistofnunar. Stjórn Guðfræðistofnunar lagði til að komið yrði á fimm manna stýrihópi og falaðist eftir umboði til að koma með tillögur að þremur fulltrúum í hann auk ofangreindra á væntanlegum stofnfundi verkefnisins er haldinn yrði 6. des. 2011. Hópnum skyldi ætlað að skipuleggja verkefnið, hafa umsjón með viðburðum í nafni þess og starfa með stjórn Guðfræðistofnunar o.fl. við styrkjaumsóknir og lík verkefni. Við mönnun hópsins skyldi taka mið af því að hann endurspeglaði breiddina í hópi þátttakenda.

Stjórn Guðfræðistofnunar lýsti áhuga á að á hverju misseri fram til hausts 2017 yrði efnt til einherrar viðburða í nafni verkefnisins svo sem fyrirlestra, málstofu, málþings eða annars. Skyldi riðið á vaðið með „hugmyndaþingi“ sem

haldið yrði 6. des. 2011 þar sem kynntar yrðu hugmyndir að rannsóknaráherslum o.fl. og auk þess haldinn formlegur stofnfundur verkefnisins.

Þá var farið fram á að fundarfólk sendi inn stutta lýsingu á fyrirhuguðu verkefni sínu og/eða áhugasviði fyrir 1. nóv. 2011. Loks var kynnt hugmynd að heiti verkefnisins: *Siðaskipti í sögu og samtíð. Þverfaglegt rannsóknarverkefni um áhrif siðaskiptanna á kirkju, samfélag og menningu í 500 ár.* Lagt var til að 2017.is yrði notað sem vinnuheiti.

Í framhaldi af fundinum bárust þátttökuyfirlýsingar frá alls 38 einstaklingum, flestar með stuttum lýsingum á verkefnum sem viðkomandi gat hugsað sér að vinna innan vébanda 2017.is. Sum sendu inn hugmyndir að fleiri en einu verkefni.

Stofnfundur og hugmyndaþing

Kallað var til stofnfundar verkefnisins 6. des. 2011 í framhaldi af „hugmyndaþingi“ undir yfirskriftinni: „Hvað eru frjóar áherslur í siðaskiptarannsóknnum?“ sem fór fram í stofu 101 í Háskólatorgi. Dagskráin var þannig:

Arnfríður Guðmundsdóttir form. stjórnar Guðfræðistofnunar setti þingið og eftirfarandi fyrirlestrar voru fluttir:

Hjalti Hugason: Var einhver að tala um siðbót? — Hugtakanotkun og sjónarhorn á sviði 2017.is

Sigríður Guðmarsdóttir: Hvernig nálgast guðfræðin siðaskiptin?

Sveinn Yngvi Egilsson: Hvernig nýtist bókmenntafræði í siðaskiptarannsóknnum?

Erla Hulda Halldórsdóttir: Siðaskiptin, kynjasaga og sjónarhorn kyngervis.

Loftur Guttormsson: Lúthersk siðbreyting á árnýöld: áherslur og túlkanir.

Þrjátíu manns sátu stofnfundinn. Arnfríður Guðmundsdóttir formaður stjórnar Guðfræðistofnunar stýrði fundi og Hjalti Hugason, stjórnarmaður Guðfræðistofnunar, kynnti tillögur sem fyrir fundinum lágu. María Ágústsdóttir sem einnig er í stjórn Guðfræðistofnunar ritaði fundargerð. Á fundinum var eftirfarandi samþykkt:

1. Að heiti verkefnisins yrði: „Siðaskipti í sögu og samtíð. Þverfræðilegt rannsóknarverkefni um áhrif siðaskiptanna á íslenska kristni, samfélag og menningu“ og að vinnuheiti yrði „2017.is“ sem jafnframt yrði slóð að heimasíðu verkefnisins sem tekin verður í notkun síðar.
2. Að verkefnið yrði hýst við Guðfræðistofnun Háskóla Íslands.
3. Að viðfangsefni verkefnisins yrði lýst svo: Þverfræðilegar rannsóknir á lúthersku siðaskiptunum og áhrifum þeirra á sviði kristni, samfélags og

menningar í víðum skilningi. Verkefnið skal bæði hafa sögulega vídd og samtímalega skírskotun. Verkefnið skal rúma viðfangsefni sem lúta bæði að innlendum og erlendum málum.

4. Að verkefni stýrihóps yrði:

- Að skipuleggja almenna starfsemi á vegum verkefnisins.
- Að skipuleggja atburði á vegum verkefnisins (viðmið einu sinni á misseri).
- Að vera fulltrúum Guðfræðistofnunar til ráðuneytis við styrkjaumsóknir og fjármögnun.
- Að skipuleggja samstarf við aðra aðila: Sögufélag, Glímuna o.fl. Samþykkt var að auk Arnfríðar Guðmundsdóttur og Hjalta Hugasonar frá Guðfræðistofnun skipi þau Erla Hulda Halldórsdóttir, Auður Styrkársoóttir og Sveinn Yngvi Egilsson stýrihóp verkefnisins.

5. Að á vormisseri 2012 yrðu myndaðir þemahópar þeirra sem telja sig sjá fram á frjótt samstarf en jafnframt starfi allur hópurinn sem heild.

Loks var sammælt um að höfundar væru frjálsir og óbundnir að birtingum á rannsóknum sem unnar væru á vettvangi verkefnisins. Þó skyldi getið tengsla við það á þann hátt sem eðlilegt væri hverju sinni (í inngangi, neðanmálgrein eða með öðrum hætti). Þá skyldi stýrihópur upplýstur um birtingar. Skyldi hann halda skrá yfir útgáfurnar. Ákveðið var að sjálfstæðis og akademísku frelsis verkefnisins yrði gætt og ekki gengið til samvinnu við hugsanlegt átak þjóðkirkjunnar til að minnast siðaskiptanna nema á grundvelli sérstakrar samþykktar þar að lútandi.

Að stofnfundi loknum var boðið upp á léttar veitingar í aðalbyggingu í boði Guðfræðistofnunar.

Hugflæðifundur

Þann 7. febr. 2012 kl. 20 efndi stýrihópurinn til svokallaðs hugflæðifundar á Kaffi Sólun. Mættir voru 22 þátttakendur í verkefninu.

Gerð var stutt grein fyrir störfum stýrihópsins til þessa en þau höfðu öðrum þræði miðað að því að koma verkefninu í styrkhæft ástand. Var það verk skammt á veg komið. Fram kom að líta mætti svo á að verkefnið skiptist í þrennt: A) Hið þverfræðilega verkefni í allri sinni breidd sem hugsanlega bæri fremur að líta á sem samstarfsnet en samhangandi rannsóknarverkefni; B) Þemahópa sem störfuðu náið saman á tiltölulega sérhæfðum sviðum og loks C) einstaklingsbundin verkefni. Styrki til A) væri líklega einkum hægt að sækja til Hugvísindasviðs (t.d. v/kostnaðar við sameiginlega fundi og ráðstefnur). Styrki úr rannsóknarsjóðum væri fremur hægt að sækja til B) og C). Mikilvægt væri síðan að byggja samstarfið þannig upp að sem allra fyrst yrðu til styrkhæf verkefni á sviði B) og C).

Þá fór fram óformleg umræða, „hugflæði“, þar sem allt fundarfólk tók til máls og lýsti hugmyndum sínum um tengingar við önnur verkefni (á sviði B). Síðari hluta fundarins var síðan varið til umræðu í þemahópum. Að ráði varð að öllum félögum í netinu 2017.is yrðu send boð á fjóra þemafundi þar sem næsta skref í mótun þema- eða starfshópa/verkefna yrði tekið. Gæti þá hvert og eitt valið sér þemahóp m.t.t. þess verkefnis eða verkefna sem viðkomandi hefði í hyggju að vinna. Ákveðið var að þemahóparnir yrðu eftirfarandi: A) Guðfræði. Auði Eir falið að kalla saman fund. B) Menning. Sveini Yngva falið að kalla til fundar. C) Samfélag. Þorsteini Helgasyni falið að koma á fundi og D) „Pólitík“ (stofnun, löggjöf, eignir o. fl.). Lára Magnúsardóttir boði til fundar. Stefnt var að því að allir fundirnir færu fram í byrjun mars.

Á hugflæðifundinum var ennfremur tæpt á að auk rannsókna væri mögulegt að textaútgáfa og gerð gagnagrunna gæti tengst verkefninu/netinu. Þá var bent á að meðalaldur þátttakenda væri hár og mikilvægt væri að stuðla að þátttöku ungs fræðafólks. Málinu var vísað til stýrihóps.

Störf á vormisseri 2012

Á misserinu komst festa á störf ofangreindra fjögurra þemahópa og voru haldin 1-2 málstofur eða semínör á vegum hvers þeirra. Stýrihópurinn skipti þannig með sér verkum að Arnfríður Guðmundsdóttir væri tengiliður við þemahóp í guðfræði auk hennar væri Auður Eir í starfsstjórn misserisins, Sveinn Yngvi Egilsson tengiliður við þemahóp á sviði menningar auk hans yðru Margrét Eggertsdóttir og Torfi K. Hjaltalín Stefánsson í starfsstjórn misseris og Hjalti Hugason tengiliður við þemahópana samfélag, starfsstjórn — auk hans Þorsteinn Helgason og Sigurjón Árni Eyjólfsson— sem og „pólitík“ auk hans Lára Magnúsardóttir og Árni Daníel Júlíusson í starfsstjórn.

Meðal efnis á semínörum má benda á að í þemahópnum „Pólitík“ var fjallað um rannsóknir Harold J. Berman (sjá *Law and Revolution*, II. London 2003). Í þemahópnum „Samfélag“ var semínar um kenningar Max Webers og í þemahópnum „Menning“ var fjallað efnismenningu og heimsmyndarfræði. Þá var Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir með innleg í þemahópnum „Guðfræði“ um sjálfsskilning evangelísk-lúthersku kirkjunnar hér á landi. Einnig fjallaði María Ágústsdóttir um erlend verkefni sem hafa verið stofnuð vegna 500 ára afmælis siðaskiptanna.

Á misserinu hélt stýrihópur verkefnisins alls fimm fundi. Þar var m.a. fjallað um möguleika á styrkjaumsóknum, tengsl verkefnis við erlend verkefni af svipuðum toga, skiptingu verkefnisins í þemahópa sbr. að ofan og mikilvægi þess að kvenna-/kynjafræðilegra sjónarmiða verði gætt í verkefninu helst með sérstökum þemahópi á því sviði.

Störf á haustmisseri 2012

Í hópnum um „stofnun, eignir...“ voru tvö semínör á misserinu. Árni Daníel Júlíusson fjallaði um kirkjueignir á miðöldum og áhrif siðaskiptanna á þær. Þá

var Steinunn Kristjánsdóttir með semínan um Skriðuklaustursrannsóknina og áhrif siðaskiptanna á fátækraframfærslu. Í starfsstjórn eru Helgi Skúli Kjartansson og Árni Daníel auk Hjalta Hugasonar.

Í hópnum „Velferð“ var eitt semínan haldið með Vilborgu Auði Ísleifsdóttur um áhrif siðaskipta á fátækramálefni. Semínari með Sigurjóni Árna Eyjólfssyni um Max Weber var frestað til vormisseris. Í starfsstjórn eru Loftur Guttormsson og Sigurjón Árni auk Hjalta.

Þá stóð hópurinn „Menning“ í samvinnu við stýrihópinn að viðamiklu málþingi um samfellu og rof á mótum miðalda og nýaldar. Þingið fór fram föstudaginn 2. nóv. kl. 13:30—16:00 í stofu A225 á aðalbyggingu HÍ. Dagskráin var þannig:

Samfella (hinar löngu miðaldir):
Dr. Gunnar Harðarson prófessor
Torfi K. Stefánsson Hjaltalín guðfræðingur

Kaffihlé

Rof:
Dr. Arnfríður Guðmundsdóttir prófessor
Dr. Vilborg Auður Ísleifsdóttir sagnfræðingur

Almennar umræður

Heimasíða verkefnisins kynnt.

Málþingsstjóri var. Margrét Eggertsdóttir rannsóknarprófessor á Árnastofnun.

Alls tóku 22 þátt í málþinginu þrátt fyrir aftakaveður. Gerður var góður rómur að framtakinu.

Hópnum er þakkað frumkvæðið og skorað á aðra hópa að koma með hugmyndir að slíkum þingum í framtíðinni

